

FRUMKVÖÐLASTARF – MARKMIÐ Í STARFI – YNGSTA STIG 1.–4. BEKKUR



Persónuleg úrræði

Ég þjálfa persónuleg úrræði mín þegar...

- Ég þori að vinna að einhverju sem ég á enn eftir að læra.
- Ég trúi að ég geti lært það / leyst úr því með því að verja tíma í það.
- Ég læt reyna á hugmyndir mínar með aðstoð fullorðinna.
- Ég vinn að sama verkefni / viðfangsefni lengi í einu.
- Ég nota mistök mín til að ná lengra / bæta mig.
- Ég held áfram, þó að eitthvað verði erfitt.
- Ég vinn markvisst að verkefni / viðfangsefni.

Skapandi færni

Ég þjálfa skapandi færni mína þegar...

- Ég hugsa öðruvísi og nýti þann hugsunarhátt í skólanum.
- Ég nýti eitthvað í skólanum sem ég hef kynnst annars staðar.
- Ég geri breytingar á og prófa mig áfram með hugmyndir mínar og úrlausnir.
- Ég held áfram að leita að lausnum umfram þá fyrstu eða bestu (þankahríð).
- Ég kanna, ásamt hópnum, kosti og galla við hinar ýmsu hugmyndir og úrlausnir.
- Ég nota skilningarvitin og bý til myndir með orðum, eins og: Ég hugsa svo að það brakar í heilanum á mér.

Athafnafærni

Ég þjálfa athafnafærni mína þegar...

- Ég vinn að því að gera hugmynd að veruleika.
- Ég vinn með öðrum, einum eða fleirum.
- Ég segi öðrum í skólanum mínum eða utan hans frá því sem ég hef gert.
- Ég bið fólki sem ég þekki um aðstoð.
- Ég teikna eða byggji eitthvað út frá hugmyndum, bæði í raunheimum og á stafrænu formi.
- Ég sýni öðrum það sem hópurinn minn hefur búið til.

Samfélagsfærni

Ég þjálfa samfélagsfærni mína þegar...

- Ég tala um ýmiss konar lífsstíl, t.d. í starfi sem tengist bekkjarmenningu eða gildum skólans.
- Ég nota peninga í reikningsdæmum í stærðfræði.
- Ég læri um það að vera á vinnumarkaði.
- Ég kanna svæðið sem ég bý á og ræði það við aðra.
- Hvað er hægt að gera á svæðinu? Hvers konar starfsemi / stofnanir er þar að finna? Er eitthvað sem mætti bæta?

FRUMKVÖÐLASTARF – MARKMIÐ Í STARFI – MIÐSTIG 5.–6. BEKKUR



Persónuleg úrræði

Ég þjálfá persónuleg úrræði mín þegar...

- Ég kasta mér út í djúpu laugina.
- Ég þori að gera eitthvað annað eða hafa aðrar skoðanir en vinir mínir.
- Ég axla ábyrgð á og tek virkan þátt í verkefnum mínum og annarra.
- Ég vinn með því hugarfari að ég geti hvað sem er, ef ég ver tíma í það.
- Ég læt reyna á hugmyndir og hrindi verkefnum af stað í samstarfi við aðra.
- Ég er til í að miðla málum og líta á mál frá fleiri en einu sjónarhorni.
- Ég stenst þá freistingu að gefast upp.
- Ég kem auga á hið gagnlega í mistökum / misskilningi mínum og annarra.
- Ég finn leiðir til að halda áfram þegar eitthvað verður erfitt.

Athafnafærni

Ég þjálfá athafnafærni mína þegar...

- Ég kanna óvissuþætti verkefna sem ég ætla að byrja á.
- Ég vinn með öðrum í hóp sem ég hef ekki sett saman sjálf/ur.
- Ég tek virkan þátt í verkefnavinnu.
- Ég kynni það sem ég hef gert fyrir öðrum.
- Ég finn fólk sem ég þekki sem getur aðstoðað mig.
- Ég nota sjónræn tól og tæki til að segja frá hugmyndum mínum og niðurstöðum.

Skapandi færni

Ég þjálfá skapandi færni mína þegar...

- Ég hugsa til skiptis á rökréttan / lausnamiðaðan hátt og skapandi / ósjálfráðan hátt.
- Ég nýti eitthvað sem við höfum lært í nýju samhengi.
- Ég finn nýjar leiðir til að prófa, gera tilraunir með og setja saman það sem ég hef lært.
- Ég set fram mismunandi hugmyndir að úrlausn á fræðilegu vandamáli.
- Ég finn innblástur að nýjum hugmyndum á netinu og í nærumhverfi mínu.
- Ég tek þátt í hópumræðum um kosti og galla mismunandi hugmynda og lausna.
- Ég nota skynræna tjáningu og skynhrif.
- Ég ræði drauma mína um nánustu framtíð í hópumræðum.

Samfélagsfærni

Ég þjálfá samfélagsfærni mína þegar...

- Ég geri samanburð á mismunandi menningarheimum, bæði í heimalandi mínu og alþjóðlega.
- Ég eyk við skilning minn á heiminum.
- Ég set fram einfaldar fjárhagsáætlanir.
- Ég tek þátt í félags- og tómstundastarfi.
- Ég tek þátt í hópumræðum um hnattræn tækifæri og vandamál.
- Ég kanna uppbyggingu samfélagsins með tilliti til úrræða og efnahags.
- Ég kynni mér hvernig fyrirtæki starfa.

FRUMKVÖÐLASTARF – MARKMIÐ Í STARFI – UNGLINGASTIG 8.–10. BEKKUR



Persónuleg úrræði

Ég þjálfá persónuleg úrræði mín þegar...

- Ég kasta mér út í djúpu laugina.
- Ég þori að gera eða finnst eitthvað sem fellur ekki að ríkjandi viðmiðum samfélagsins.
- Ég axla ábyrgð á og tek virkan þátt í verkefnum mínum og annarra.
- Ég mynda mér eigin skoðanir og vinn eins og mér séu allir vegir færir.
- Ég læt reyna á hugmyndir og hrindi verkefnum af stað, ýmist ein/n eða ásamt öðrum.
- Ég vinn í sjálfsmynd minni, óháð þeirri menningu sem ég hrærist í.
- Ég held áfram með verkefni þegar aftur gefst tími til að sinna þeim.
- Ég nota mistök og misskilning minn og annarra til að ná lengra.
- Ég mynda mér yfirsýn og hef stjórn á flóknum verkefnum.
- Ég vinn að langtíma verkefnum sem ég er misjafnlega virk/ur í eftir atvikum.

Athafnafærni

Ég þjálfá athafnafærni mína þegar...

- Ég met óvissu- og áhættuþætti verkefna sem ég ætla að byrja á.
- Ég skipulegg og framkvæmi verkefni ásamt öðrum.
- Ég vinn með fólki utan skólans sem hefur annars konar faglegan bakgrunn en ég.
- Ég kynni það sem ég hef gert fyrir öðrum.
- Ég leita uppi fólk sem ég þekki ekki fyrirfram og sem getur aðstoðað mig.
- Ég byggi upp tengslanet fólks sem getur aðstoðað mig.
- Ég undirbý kynningar mínar með tiltekinn markhóp í huga.

Skapandi færni

Ég þjálfá skapandi færni mína þegar...

- Ég hugsa í stigum: leit að lausnum – þróun hugmynda – val á milli hugmynda.
- Ég nýti þekkingu úr mismunandi fögum samtímis.
- Ég prófa mig áfram með fræðilega þekkingu mína og þekkingu á samfélaginu.
- Ég læt reyna á mismunandi hugmyndir þegar ég stend frammi fyrir fræðilegu vandamáli.
- Ég móta hugmyndir með mörgum þáttum, svo sem skynhrifum, andstæðum, hugrenningatengslum og lausnaleit.
- Ég met, ásamt hópnum, kosti og galla við hinar ýmsu hugmyndir og lausnir.
- Ég nota skynjun og tilfinningar í listrænu/fagurfræðilegu samhengi.
- Ég legg drög að framtíðardraumum og framtíðarsýn.

Samfélagsfærni

Ég þjálfá samfélagsfærni mína þegar...

- Ég ber saman mismunandi menningarheima og lífsstíla.
- Ég ræði við aðra um skilning minn á heiminum.
- Ég legg drög að einföldum fjárhagsáætlunum og uppgjöri.
- Ég legg á ráðin um framtíðarstarfsferil minn.
- Ég legg mat á áhrif hnattvæðingar – tækifæri og vandamál.
- Ég greini þau úrræði sem ég hef á valdi mínu.
- Ég velti fyrir mér framleiðsluvöru, sölu, skipulagi og fjármálum til að setja saman viðskiptalíkan.